

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Námskeið
- Leikskólafréttir

Næsti Pési kemur út 12. mars 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í síðasta lagi

6.mars.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Konudagsblóm	5
Leikskólinn	8
Leiksyning	12
Námskeið	15

Febrúar 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 257. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu. Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi. Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>





Elsa og Sigurður Ingi í Syðra-Langholti opnuðu formlega nýtt hesthús þann 3 febrúar sl. Ljós:SigSigm

Þorralblót 2012..Nóg að gera hjá"Öskubusku" "":SigSigm



Þær Ninna Ýr og Jóhanna Rut spiluðu á fiðlu og píanó í Félags-

Sveitarstjórapistill

Þá hefur febrúarmánuður hafið innreið sína og við erum stödd á miðjum Þorra. Það þýðir náttúrulega að þorrablótavertíðin er núna í hámarki og árlegu blóti Hrunamanna er lokið. Það er afar lofsvert framtak hjá Kvenfélaginu að halda slíka hátíð, bæði til að halda þessum sið gangandi og ekki síður sá göfugi tilgangur félagsins að láta innkomuna renna til góðra málefna. Það er ekki sjálfgefið að þessi siður að hittast og borða þorramat haldist án fyrirhafnar. Yngri kynslóðin hefur eflaust sínar skoðanir á þessum öldruðu matarhefðum og það verður örugglega að halda „fatinu“ að þeim til að þessi siður glatist ekki. Hins vegar er þessi matarhefð hluti af menningararfi okkar og að sumu leiti okkar leið til að sýna núlifandi kynslóðum við hvaða aðstæður forfeður okkar bjuggu. Þá má einnig búast við að hinn erlendi ferðamaður hafi áhuga á að hafa tækifæri til að smakka á matarmenningararfinum. Manni virðist að það sé ávallt áhugi hjá ferðamanninum að kynna staðbundum háttum íbúanna, bæði í fortíð og nútíð. Í því sambandi má benda á tækifæri okkar svæðis á sviði ferðamennsku sem er að bjóða ferðamanninum upp á fleiri tækifæri til afþreyingar. Ég er sannfærður um að fyrir skapandi og duglega einstaklinga eru veruleg tækifæri hér til þess þó margir sem fyrir eru séu að gera góða hluti. Það er því fagnaðarefni þegar nýir aðilar hafa áhuga að koma og reyna fyrir sér eins og Unnar Garðarsson með fjórhljálaleiguna sína. Það er nokkuð ljóst að sumartíminn getur verið gjöfull á sviði afþreyingarferðamennsku, en til að ferðaþjónustan geti verið alvöru heilsársátvinnugrein þyrfti vetrartíminn að koma sterkari inn. Það myndi vonandi leiða til þess að skapa betri atvinnumöguleika í greininni og stuðla að því að greinin gæti boðið betri laun og starfsskilyrði fyrir fólk á ársgrundvelli. Þess vegna er verkefnið að hvetja fólk til að sækja Ísland heim allt árið afar spennandi. Ég vil meina að okkar svæði í Uppsveitum sé vel í sveit sett að taka á móti slíkum ferðamönnum. Á það er að líta að við verðum vör við að það er afar mikill áhugi á þessu svæði yfirleitt. Umræða um Heilsuþorp og kinnverskar fjárfestingar hafa svo sem vakið athygli á þessu en ég held að það megi segja að við njótum þeirrar gæfu að Uppsveitir eru í tísku og ýmsir aðilar líti til þess að hér sé framtíðarstaður fyrir frekari uppbygginu, ekki síst í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og sem sumarleyfisstaður Íslands. Okkur sýnist að svæðið hafi á sér jákvæða ímynd en það verður að skoða að slík ímynd er ekki sjálfgefin og við verðum öll að passa upp á að standa þar undir væntingum. Ég mun því seint þreystast á að minna á að snyrtimennska og fagmennska á sem flestum sviðum skiptir gríðarlegu máli og eitt slæmt atvik getur skemmt mikið fyrir okkur öllum. Umhverfismál í jákvæðri merkingu þess orðs skipta því afar miklu máli og vonandi getum við í því sambandi gert góða sveit enn betri. Þar þarf sveitarfélagið að standa sig vel og nú er sá skemmtilegi tíminn runninn upp að fara að eyða peningum og skipuleggja verklegar framkvæmdir ársins, smáar jafnt sem stórar. Við erum það heppin að hafa góðan hóp starfsmanna sem hafa metnað og eru virkir hugmyndasmiðir sem koma með góðar lausnir á ýmsum verkefnum og vandamálum sem Hreppurinn þarf að glíma við. Að lokum bendi ég á, að þó sumum þyki veturinn hafa verið harður verður þó að segja að ég held að fá sveitarfélög á landinu hafi sloppið a.m.k. enn jafn vel frá honum og við. Þó janúar hafi verið brösóttur hafa verktakar í snjómokstri staðið sig vel að mínu mati og það hafa helst verið vandamál þegar komið hafa upp blotar með tilheyrandi glerhálfu. Bið ég fólk að hafa hugfast að stundum er betra heima setið en af stað farið ef fólk hefur ekki réttu græjurnar til ferðalaga.

Megi veturinn vera okkur öllum hliðhollur.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

Hef til sölu minningakort

Hrunakirkju, Krabbameinsfélags Árnassýslu

Proskahjálpar á Suðurlandi, Styrktarsjóðs hjartasjúklinga

Styrktarsjóðs hjartveikra barna

Marta Esther Hjaltadóttir Kópavatni S: 4866412 / 8996412.

Skrifstofustarf!!

Laust er til umsóknar 100% afleysingastarf til eins árs, hjá Hitaveitu Flúða og Hrunamannahreppi.Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1.maí nk.Umsóknarfrestur er til 24 febrúar nk.

Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma: 480 6600
eða á netfang: jon@fludir.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 10:00-18:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga 11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



Húsmíðar
Innréttingar
Vélaleiga
Gröfur o.fl.

Konudagsblóm



Laugardaginn 18. febrúar verðum við á ferðinni að selja konudagsblóm.. Karlmenn, hvað er betra en að gleðja kvenmanninn í lífi þínu með fallegum blómum og um leið styrkja gott málefni.



Ath erum ekki með posa

Með blómakveðjum
Björgunarfélagði Eyvindur
bfeyvindur@simnet.is



Fjallaraaf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Nýr umsjónarmaður fjallaskála á Hrunamannafrétti,
er Jón Bjarnason í Skipholti.

Bókanir og upplýsingar í síma: 848 2599

Heimasíða: skalar.fludir.is

Saltsteinar - Steinefni - Bætiefni



Saltsteinn Natur

Innihaldi:

Salt	100,0%
Dei af Natrium	38,5%

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.



Saltsteinn Plus

Saltsteinn með:
Sink, Mangan, Joó,
Kobalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.

Uniblock Steinefnablokk



10 kg.

Selenrik stein- og
bætiefnablokk sem hentar
sérlega vel fyrir sauðfé en
einnig fyrir nautgripi og hesta

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Selenrik stein- og bætiefnafata
sem hentar sérlega vel fyrir
sauðfé en einnig fyrir nautgripi
og hesta

Steinefnafata- Mineraleimar Plus



25 kg.

Steinefnafata sem hentar
fyrir nautgripi og hross.
Inniheldur kopar og hentar
ekki fyrir sauðfé

Hestamúslí - Hestakögglar



Besterly Herbic hestamúslí



Besterly Herbic hestamúslí er mjög
lystug blanda af úrvals korni,
grænmetisolium ásamt ýmsum
vitáminum og jurtum. Besterly Herbic
hestamúslí er bragógott, eykur
heilbrigði og bætir meltinguna. Með
góðu gróffóori er gott að gefa hestum
í þjálfun 1 – 2 kg. af Besterly Herbic
hestamúslí á dag.
Besterly Herbic hestamúslí
er í 15 kg. þokum



Besterly Vitalic hestakögglar



Besterly Vitalic hestakögglar eru með háu steinefna
og vítámin innihaldi. Besterly Vitalic er einkum
ætlað sem viðbótarfóður með góðu gróffóori fyrir
hesta í þjálfun.
Ef gefið er ½ - 1 kg. af Besterly Vitalic daglega
ásamt góðu gróffóori fær hesturinn öll næringarefni
sem hann þarf.
Besterly Vitalic hestakögglar eru í 25 kg. þokum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 6600

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.



ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími
Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00
Laugardaga 12:00-18:00
Sunnudaga: 12:00-18:00



ATHUGIÐ!!

Sundlaugin er lokuð vegna viðgerða frá 13-16 febrúar

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Leikskólafréttir

Janúar mánuður er búinn að vera skemmtilegur hjá okkur í Undralandi, nóg af snjó sem nýttur var til sleðaferða, snjókallagerðar og tilrauna. Karladagurinn var haldinn hátíðlegur á bóndadaginn. Það var reglulega gaman að sjá hversu margir karlar sáu sér fært um að mæta og eiga góða stund með barninu í leikskólanum. fyrir karladaginn gera börnin boðskort sem þau fara með heim, við skráum hjá okkur það sem börnin segja um karla, hvað þeir gera. Og svo mála börnin myndir af uppáhalds körlunum sínum. Febrúar hefur tekið á móti okkur með mildu veðri og spennandi verkefnum, við höldum myndlistasýningu, heiðrum Konudaginn með Kerlingadegi og Öskudagurinn verður spennandi að vanda.

Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur mánudaginn 6. Febrúar og opnuðu börnin lista-
verkasýningu í Samkaup Strax. Sýningin heiti ég og leikskólinn minn í tilefni af því að Undraland á 30 ára starfsafmæli í apríl næstkomandi. Sýningin verðu til sýnis út febrúar og hvetjum við alla til að skoða þessi frábæru listaverk. Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Frjáls og skapandi myndgerð barna, eins og t.d. teikningar, mótast af þroskastigi þeirra, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Í útivistinni erum við að safna efnivið, og skoða heiminn út frá fjölbreyttum myndformum og fáum þannig hugmyndir sem kveikja á myndsköpuninni, lærum um lögun og lit, áferð, fagurfræði og hlutföll. Börnin vinna oft að myndverkum og sköpunum utandyra og þannig kemst barnið í enn meiri tengsl við náttúruna.


Leikskólinn verður lokaður 13-16 febrúar vegna námsferðar. Það eru sex starfsmenn sem skunda til Glasgow til að kynna sér það hvernig Skotar innleiddu heilsuefningu í skóla. Við munum fara í kynnisferðir bæði í barnaskóla og leikskóla og förum á fyrirlestur hjá skóla-
skrifstofunni í Glasgow um heilsuefandi skóla. Einhver söfn verða líka heimsótt. Það starfsfólk sem fer ekki með í ferðina vinnur að undirbúningi, skipulagi og þrífum svo heimsækja þær tvo leikskóla, Gullkistuna á Laugarvatni og Álfheima á Selfossi, þar ætla þær að fræðast enn frekar um útikennslu og safna hugmyndum í sarpinn.

Kveðja: Halldóra, Inga, Elín, Freyja, Jónína, Valdís, Heiða, Móa, Ragna, Erla og Adda Siggá.

Móakotsfréttir

Desember snérist allur um jólaboðskapinn. Eiríkur prestur kom og las fyrir okkur sögur í sameiginlegri stund á Móakoti, við sungum jólalög, bjuggum til pakka handa foreldrum, fræddumst um jólasveina og lauk svo öllu með heljarinnar jólaballi þar sem dansað var í kringum jólatréð og svo kom jólasveinn í heimsókn með gjafir í poka. Í janúar mættum við hress og kát í leikskólann og verkefni mánaðarins var að vinna með form. Búnar hafa verið til myndir og óróar meðal annars til að þau kynnist grunnformunum. Karladagurinn var haldinn á bóndadegi þann 20. Janúar og var mikill undirbúningur og spenna fyrir þann dag. Búin voru til boðskort, teiknaðar myndir af öllum helstu köllunum í lífi barnanna, rétt hvað karlar gera og voru mjög skemmtileg svör sem komu úr því, síðast en ekki síst voru svo búnar til gjafir sem karlarnir voru leystir út með. Við þökkum körlunum kærlega fyrir heimsóknina! J Í janúar hófst einnig undirbúningur fyrir Kerlingadaginn, dag leikskólans og 30.ára starfsafmæli leikskólans. Sýning var opnuð formlega í samkaup strax mánudaginn 6. febrúar í tilefni af Degi leikskólans. Börnin eru að mála leikskólann Undraland að þessu sinni og svo verða sunginn 3 lög. Unnið verður með litina í febrúar og þeir kannaðir í þaula.

Bestu kveðjur frá öllum á Móakoti. J





Móakotskrakkarnir í sleðaferð

Skógarkotsfréttir

Nú eftir áramótin höfum við verið að vinna boðskort, listaverk og skráningar fyrir bæði karla- og kerlingadag. Sú vinna hefur gengið mjög vel og þótt skemmtileg **J** Á karladaginn, 20.janúar, fengum við svo margar heimsóknir frá skemmtilegum körlum sem léku við okkur, púsluðu með okkur, perluðu, byggðu hús úr einingakubbunum og fleira. Kerlingadagurinn verður svo þann 20.febrúar og hlökkum við til að fá skemmtilegar kerlingar í heimsókn **J** Við höfum nýtt okkur snjóinn vel og þegar hann var sem mestur var ráðist í gangnagerð á leikskólalóðinni. Það reyndi töluvert á samvinnu og að læra að virða það sem aðrir gera. Flestum gekk það vel en öðrum reyndist það erfitt **J**. Húsdýrin hafa verið okkur ofarlega í huga síðasta mánuðinn og er stefnan tekin á rannsóknarvinnu í tengslum við húsdýr þegar kerlingadagurinn er yfirstaðinn. Börnin eiga sér öll upphalds húsdýr og flest þeirra eru með gæludýr á heimilinu eða búa í sveit þar sem ýmiss dýr er að finna og vonum við að það ýti undir áhuga þeirra í rannsóknarvinnunni. Leikskólinn okkar, Undraland, var tekinn til skoðunar nokkra daga í lok janúar þar sem við vorum að undirbúa árlegu myndlistarsýninguna okkar sem opnuð var í Samkaup Strax 6.febrúar. Börnin skoðuðu leikskólann sinn frá öllum hliðum, úti og svo á ljósmyndum. Síðan var ráðist í þá vinnu að teikna og mála leikskólann og fá börnin til að segja frá leikskólanum sínum. Myndirnar eru bjartar og fallegar og verða í Samkaup út febrúar. Art-kennslan er komin af stað hjá okkur aftur og fara öll börn á Skógarkoti í Art einu sinni í viku. Í Art kennslunni er lögð áhersla á að kenna börnunum félagsfærni, reiðstjórnun og siðferði. Art tímarnir eru mjög vinsælir og gengur flestum vel að tileinka sér það sem verið er að kenna, t.d. að hlusta, tala fallega, hunsa, fara í skjaldböku og telja upp að 10 þegar maður er að verða reiður og hvað er rétt og rangt. Bestu kveðjur frá öllum á Skógarkoti. **J**



Hressir Skógarkotskrakkar í útiveru

Heiðarkotsfréttir

Það er búið að vera nóg að gera hjá okkur á Heiðarkoti í janúar. Við förum í skóginn með skógar safu og smákökur. Á Þrettándaþingunum slógum við upp þrettándaþingaballi í Hruna-krók og sprengdum innibombur. Við undirbjuggum karladaginn sem var hjá okkur 20. jan. Börnin teiknuðu myndir af körlum og gerðu boðskort fyrir karlana okkar. Það komu til okkar bæði pabbar, afar og frændur. Við höfum einnig verið að undirbúa myndlistasýninguna okkar sem er til sýnis í Samkaup strax. Undirbúningur fyrir kerlingadaginn stendur núna yfir. Núna í lok janúar var fagnaðarfundur hjá okkur. Við sungum og lékum lagið um Veidiferð. Þar sem veiðimenn voru að fara að veiða stóra björninn og þurfa að fara yfir ýmsar hindranir á leiðinni. Á fagnaðarfundum æfast börnin í því að koma fram, leika, syngja eða segja brandara. Það er mikilvægt að börn æfist í framsögn þar sem kunnátta á því sviði mun hjálpa þeim mikið í framtíðinni. Við á Heiðarkoti förum alltaf í einingakubba, tónlit, útkennslu og myndlist til skiptis í hverjum mánuði. Þegar við förum með börnin í myndlist þá eru þau að kynnast margvíslegum efnivið til litsköpunar. Við finnum lykt, bragð og komum við. Börnin tjá sig í gegnum myndverkin og æfa sig í að segja öðrum frá því sem það var að teikna/gera.

Bestu kveðjur frá öllum á Heiðarkoti.



Krakkarnir á Heiðarkoti að hlusta á sögu í nýja sófanum J

Jóga á Flúðum

Nú er nýbyrjað jóganámskeið í Félagsheimilinu á Flúðum. Tímarnir eru á fimmtudögum klukkan 17:30 og 20:30. Það er alveg sama í hvorn tímann er komið, bara það sem hentar betur. Hóparnir eru blanda af byrjendum, lítið vönum og alvönum. Allt í góðu lagi með það, því hver og ein fer eftir eigin getu og við sleppum allri samkeppni og samanburði. Áherslan er á að njóta þess að liðka og styrkja líkamann, tileinka okkur rétta öndun, vera í núinu og ná góðri og djúpri slökun. Það er hægt að koma inn í námskeiðið núna og borga þá fyrir 7 tíma, 5 tíma eða staka tíma. Í boði er 1 frír þrúfúti.

Allir hjartanlega velkomnir, ungir sem aldnir.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 898-0677 eða á netfanginu adj13@hi.is Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari.

Til Sölu: Tvö borð - eðaleintök

-Snókerborð, stærð 183x90 cm. Borðið er mjög vandað, vel með farið og lítið notað. Með því fylgja 2 kjuðar, kúllur og krít.

Verð 35.000 kr.

-Skrifborð, stærð 144x80 cm Þetta er sterkt borð úr ljósum við, mjög vel með farið. 3 skúffur.

Verð 5.000 kr.

Áhugasamir hafi samband í síma 8697573 (Atli) eða 8980677 (Alla)

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 24. febrúar 2012

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hjónaball 03 mars 2012

Leikdeild ungmennafélags Biskupstungna
sýnir gamanleikinn



KLERKAR Í KLÍPU

eftir Philip King. Þýðandi Ævar R. Kvaran

Leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson

Sýningarnar eru í Aratungu og hefjast kl.20:30

Frumskýning 10.febrúar

2.sýning 12.febrúar

3.sýning 15.febrúar

4.sýning 17.febrúar

5.sýning 18.febrúar

6.sýning 21.febrúar

7.sýning 24.febrúar

8.sýning 25.febrúar

9.sýning 26.febrúar

10.sýning 29.febrúar

11.sýning 2.mars

12.sýning 3.mars

Upplýsingar s.8626444 og 8978795



Á undan sýningum er boðið upp á
leikhúsmatseðil á **Kaffi Kletti**

Borðapantanir í síma
4861310 og 8475057

Góða skemmtun

Til sölu.

Garðgróðurhús 7ferm. árs gamalt. Timburgrind og sökkull, klætt
plastdúk. Tilbúið fyrir 60cm.gler.

Sterkt og vandað hús. Verð 80.000

Upplýsingar í síma 4866606.

Hjónaball 03 mars 2012



Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-
fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



Flugeldasýning 2012

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 7. jan sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins. Eftirtaldir aðilar buðu uppá Flugeldasýninguna 2012:

Arion banki, Bryðjuholt, **Búnaðarfélag Hrunamanna**, Bökun ehf, Eiríkur Grafarbakka, **Emil Grafarbakka**, Flúðafiskur, **Flúðaleið** Flúðasveppir, **Fossi ehf**, Fögrusteinar, **Garðyrkjustöðin Brún** Garðyrkjustöðin Silfurtún, **Gistiheimlið Syðra-Langholti**, Góðir hálsar ehf **Gróður ehf**, Gröfutækni ehf, **Hár Hrun**, Helga Bryðjuholti, **Hitaveita Flúða** Hrunamannhreppur, **Hús og Stigar ehf**, Ískorn ehf, **Íslenskt grænmeti ehf**. Kaffi Sel, **Kjöt frá Koti**, Kristín og Þorbjörn, **Landtak ehf**, Límtré Vírnet **Loðdýrabúið Ásgerði**, Matstofan Árnesi ehf, **Minilik veitingahús** Plast og Suða, **Ragnar Birtingarholti**, Skálpi ehf, **Skipholt 3**, Sölufélag garðyrkjumanna, **Veitandi**, Vinnuvélar Úlfars Harðar. Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengiefninu á skotstað

Bjarkarhóll



**Konudagurinn 19 febrúar.
Konudagstilboð í versluninni .**

**Cafe Mika.
Rómantíkin svífur yfir
4 rétta hátíðarkvöldverði.**

Óvæntur glaðningur fyrir allar konur.

Borðapantanir í síma 896 6450

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.


GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Hjónaball 03 mars 2012!!!!



Íslandzki dla obcokrajowców Flúðir

Kurs języka islandzkiego dla obcokrajowców, semestr wiosny
2012 odbędzie się na Flúðir.

Lekcje odbędą się średnio jeden raz w tygodniu w godzinach
późnopołudniowych (lutego- maj).

Zanosismy się z zamiarem rozpoczęcia kursu w drugim tygodniu
lutego.

W tym semestrze proponujemy islandzki I lub islandzki II
biorąc pod uwagę potrzeby językowe chętnych.

Nauczyciel: Anna Ásmundsdóttir

Íslandzki I/II 60 godzin lekcyjnych

Cena: 33.000 + materiały 4.000

Związki Zawodowe zwracają uczestnikom dużą część (75%)
kosztów kursu już po pierwszym miesiącu członkostwa.

Dokładne informacje i zapisy w Fræðslunetinu pod telefonem

480-8155 lub poczta internetowa fraedslunet@fraedslunet.is

Íslenska fyrir útlendinga Kennt á Flúðum.

Fyrirhugað er að halda námskeið í íslensku fyrir útlendinga á
Flúðum á vorönn 2012.

Kennt verður að jafnaði einu sinni í viku eftir venjulegan
vinnudag (febrúar – maí).

Reynt verður að byrja í annarri viku febrúar.

Reiknað er með að kennd verði að þessu sinni íslenska I eða
íslenska II eftir því hver þörfin verður.

Kennari: Anna Ásmundsdóttir

Íslenska I/II 60 kennslustundir

Verð: 33.000 + námsefni 4.000

Endurmenntunarsjóðir stéttarfélaganna styrkja þátttakendur
um allt að 75% kostnaðarins eftir mánaðar félagsaðild.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Fræðslunetinu í síma 480-
8155 eða á netfanginu fraedslunet@fraedslunet.is



Jón "landpóstur" á rúntinum um sveitina .

Ljós:SigSigm

